

20

7. marz

REGLUGERÐ

um hámarkstölu vörubifreiða á Siglufirði.

1. gr.

Bæjarstjórn getur, að fengnum tillögum bílstjóradeildar Þróttar og með samþykki samgöngumálaráðuneytisins, ákveðið hámarkstölu þeirra vörubifreiða á Siglufirði, sem nota má til aksturs fyrir almenning gegn borgun.

2. gr.

Aður en bæjarstjórn ákveður hámarkstölu, samkv. 1. gr. skal félagið láta henni í té skýrslu um atvinnuhorfur stéttarinnar, og skal þar einnig greint frá, hvort fækkað hafi í stéttinni á s. l. 12 mánuðum, og ef svo er, þá um hve marga og hve margar inntökubeiðnir hafa borizt félaginu, svo og öðru því, er máli skiptir. Enn fremur skal félagið láta bæjarstjórn í té rökstudda tillögu um hámarkstölu vörubifreiða á næsta tímabili, sbr. 3. gr.

Aður en bæjarstjórn ákveður hámarkstölu, skal hún leita álits samtaka útvegs-
manna og vinnuveitenda um málið.

3. gr.

Í októbermánuði ár hvert tekur bæjarstjórn ákvörðun um, hver hámarkstala skuli vera, og má hún aldrei vera lægri en tala starfandi vörubifreiða hjá bílstjóradeild Þróttar, Siglufirði, 1. þess mánaðar. Ákvörðun skv. 1. mgr. gildir í eitt ár í senn, frá 1. nóvember til jafnlengdar næsta ár.

4. gr.

Stjórn félagsins er skylt að veita bæjarstjórn allar þær upplýsingar, sem bæjarstjórnin telur nauðsynlegar í sambandi við framkvæmd reglugerðar þessarar.

Ef atvinnuástand breytist verulega á tímabilinu, getur bæjarstjórn breytt ákvörðun um hámarkstölu, að fengnum tillögum þeirra aðila, er getur um í 2. gr., og samþykki samgöngumálaráðuneytisins.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða né vörubifreiða, sem eru í eign einstakra atvinnufyrirtækja og hafa ekki afgreiðslu á vörubílstöð bílstjóradeildar Þróttar, Siglufirði. Ef ágreiningur rís um, hvort bifreið skuli teljast vörubifreið eða sendiferðabifreið samkvæmt reglugerð þessari, sker bæjarráð úr því.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 40 29. maí 1957 um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. marz 1960.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.